

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Þorsteins Magnússonar og Önnu Bjarnadóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af 24. júní atvinnu- og samgöngumálaráðherra Íslands 24. júní 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir »Minningarsjóð Þorsteins Magnússonar og Önnu Bjarnadóttur konu hans«.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Þorsteins Magnússonar og Önnu Bjarnadóttur«.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1913 með 1000 krónum sem höfuðstól, sem er gjöf frá hjónunum Þorsteini Magnússyni og Önnu Bjarnadóttur í Höfn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja hreppsbúa Borgarfjarðarhrepps í ýmsum framfara fyrirtækjum.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast innanhrepps þannig, að honum skal varið til að kaupa korn í kornforðabúr, er hreppsbúar komi upp á góðum og hentugum stað í Bakkalandi.

5. gr.

Kornforðabúr þetta skal svo vera eign Borgarfjarðarhrepps. Aðallega skal korninu varið til að koma í veg fyrir hættu af fóðurskortri búpenings og vöntun á korni til manneldis.

6. gr.

Forðabúrið skal standa undir stjórn hreppsnefndar og skal hún sjá um

100 útlán á korninu og annað viðvikjandi forðabúri þessu samkvæmt því, sem fyrir 24. júní verður mælt, í reglugjörð þeirri sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu semur.

7. gr.

Korn úr forðabúrinu skal árlega lánað út með verðhækkun (vöxtum) sem ekki nema minnu en 2 kr. 50 aur. af hverri korntunnu, og skal verja vöxtunum til að auka kornforða búrsins þar til hann er að áliti hreppsnefndar orðinn nægilega mikill, upp frá því skal borga venjulega vexti, og skal því af vöxtunum, sem með þarf árlega, varið til reksturskostnaðar forðabúrsins.

Afgangurinn af vöxtunum skal árlega lagður í sjóð, sem ávaxta skal í aðaldeild Söfnununarsjóðs Íslands, og skulu vextirnir lagðir við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn eins og segir í 8. gr.

8. gr.

Komi það fyrir að þörfin fyrir kornforðabúr falli niður skal hreppsnefnd annast um, að eignum forðabúrsins sje komið í peninga, og skulu þá þessar áðurgreindu 1000 krónur, ásamt öllum þeim vöxtum, sem þær hafa gefið af sjer, lagðar í einn og sama sjóð, og ávaxtaðar á sama hátt og bent er á í 7. gr., þar til sjóðurinn er orðinn 10000 krónur, þá skal $\frac{3}{4}$ af vöxtunum árlega varið til eflingar einhverjum þeim fyrirtækjum í hreppnum til lands eða sjávar, sem stjórnendur hreppsins álíta arðvænlegast fyrir hreppsþúa, $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggist við höfuðstólinn.

Leitað skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Höfn í Borgarfirði eystra, 11. nóv. 1913.

Þorsteinn Magnússon.

Anna Bjarnadóttir,
(handsalað).